

Fundargerð 159. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 27.maí 2025

Fundartími Krakkaborg 16:40 – 17:40

Sameiginlegt 17:40 – 17:50

Flóaskóli 17:50 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður

Axel Páll Einarsson, ritari

Halla Kjartansdóttir, varamaður

Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar.

Krakkaborg

1. Fréttir af skólastarfinu.

Mikið að gerast, fullt fram undan og veðrið að leika við alla. Starfsmenn fóru í heimsókn til Vestmannaeyja að skoða leikskólana Sóla, Víkina og Kirkjugerði. Sóli er hjallastefnuskóli og Víkin er bara fyrir elstu börnin fyrir grunnskóla. Mikil uppbygging er í Vestmannaeyjum því deildir leikskólanna voru greinilega að stækka. Þetta var fróðleg ferð sem þétti hópinn vel saman.

Föstudaginn 6.júní verður útskrift og opið hús verður á Fjör í Flóa svo eitthvað sé nefnt.

En gaman væri ef einhverjir sæju sér fært að gefa leikskólanum bækur eða styrkja leikskólann til bókakaupa. Uppboð verður á listaverkum nemenda á Fjör í Flóa og ágóðinn notaður til bókakaupa.

2. Viðhald á húsnaði og lóð Krakkaborgar

Brugðist hefur verið við flestum athugasemdum sem Heilbrigðiseftirlitið gerði.

Búið er að ákveða lítið hús í garðinn með sandkassa, einfalt og gott.

3. Skólapúls Starfsmannakönnun.

16 af 18 starfsmönnum svöruðu könnuninni. Hún kemur bara ágætlega út og ekki að merkja annað en að starfsmenn séu mjög ánægðir með yfirmenn, vinnuálag, styttingu vinnuvikunnar og almennt með leikskólann. Starfsmenn koma með smávegis punkta til að bæta leikskólann enn frekar.

Könnunin í heild sinni er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

4. Önnur mál. Engin

Þennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Halla, Helga og Sara

Sameiginlegt

5. Skóladagatal Flóaskóla og Krakkaborgar

Skóladagatöl skólanna rædd og reynt að samræma dagatölin saman eins og kostur er. Skólastjórnirnar voru búnir að ræða sig saman áður og komu því undirbúnar.

Skóladagatölin eru samþykkt samhljóða og verða svo birt á heimasíðu þegar sveitarstjórn hefur tekið þetta fyrir hjá sér.

6. Önnur mál.

Hugmynd kom upp með að hafa tálgunarnámskeið fyrir starfsfólk svo það sé hægt að miðla reynslu til nemenda.

Þennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Halla, Helga, Catharina, Þórunn, Íris og Sara

Flóaskóli

6. Fréttir af skólastarfinu.

Dagana 8.-9. maí voru smiðjur haldnar með Uppsveitaskólunum. Í þetta sinn voru þær haldnar í Flóaskóla og í samstarfi við Listaháskólann. Þetta heppnaðist afar vel og enduðu smiðjurnar á Listsýningu í Félagslundi. 23.maí var skólaþing 1.-5. bekkja, unnið var með þrjú verkefni: umgengni, samskipti og skólalóð. Nemendur kusu um hvaða leiki þau vildu helst sjá málaða á skólalóðina og verður vonandi unnið í því í sumar. Aðrar niðurstöður verður unnið með í haust um leið og niðurstöður skólaþings 6.-10. bekkinga. Rýnihópur starfsmanna og nemenda vinnur úr gögnum í haust.

Uppskeruhátíðir tengdar lestri voru í 4. og 7. bekk, Litla upplestrarhátíðin í 4. bekk og Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk, úrslit hennar fóru fram á Flúðum og þar áttum við tvo fulltrúa.

Vorskólavika var 12.-16. maí þar sem nemendur í verðandi 1. bekk komu í skólann og kynntust flestum innviðum hans í leik og starfi. Níu nemendur eru væntanlegir í fyrst bekk. Vikuna áður komu foreldrar þessara barna á kynningarfund í skólann.

Langspilsvaka var haldin í Þjósárverri 20.maí þar spiluðu nemendur í 5. og 6. bekk. En einnig komu til okkar góðir gestir Ingibjörg Fríða Helgadóttir, söngkona og dagskrárgerðarkona á KrakkaRÚV, ásamt eiginmanni sínum Sigurði Inga gítarleikara.

Nemendur í 10. bekk fóru í útskriftarferð á Bakkaflöt í Skagafirði dagana 19.-21. maí. Skólahreystilið Flóaskóla keppti í undanúrslitum 6. maí og vann þann riðil. Liðið keppti síðan í úrslitakeppninni laugardaginn 24.maí og lenti þar í 3. sæti eftir æsispennandi keppni.

Tvö lið nemenda í vali á elsta stigi sendu inn ostakökur í Brauðtertú og ostakökukeppni Konungskaffis og Kaffi Krúsar sem haldin var sunnudaginn 25. maí. Glæsilegir fulltrúar ungu kynslóðarinnar í keppninni.

Hið árlega Royalkvöld verður haldið fyrir 7.-10. bekk mánudaginn 26. maí. Nemendur mæta í sínu finasta þússi í Þjósárver kl 18:00, borða finan mat, fara í samkvæmisleiki og skemmta sér saman.

Mánudaginn 2.maí er íþróttadagur og kl 17:00 þann dag er útskrift 10. bekkjar. Skólaslit eru svo kl 10:00 þriðjudaginn 3. júní.

Námsferð til Brighton var farin 30.apríl.-4.maí og heppnaðist hún afar vel. Við áttum góðan dag á útikennslunámskeiði þar sem við lærðum fjölmargt, m.a. að kveikja upp eld með neista og bómull, útbúa viðarkol og gera ýmiskonar handverk úti í náttúrunni. Seinni daginn var farið í skólaheimsóknir í tvo skóla, í öðrum var áherslan á upplýsingatækni og í hinum á leiðsagnarnám. Í báðum heimsóknum fékk fólk gagnlegar upplýsingar og þær gáfu fólki líka margar góðar hugmyndir um útfærslu náms og kennslu.

Við erum farin að nota Bravo Lesson matskerfið og líkar það vel. Bæði er búið að setja þar inn innlit í kennslustundir og einnig innra mat- gæði skipulags kennslu – . Kerfið flokkar niðurstöður niður í A, B, C og D. Ef niðurstöður eru neðar en B þá er unnin umbótaáætlun varðandi þá þætti. Ætlunin er að nýta þetta reglulega yfir skólaárið á komandi vetri og taka þá fyrir aðra þætti í innra mati skólans.

Annars er verið að leggja lokahönd á frágang að vori og skipulag fyrir komandi skólaár er löngu hafið. Ráðningum að mestu lokið, stundatöflur, viðburðardagatal og heildarskipulag allt í vinnslu.

7. Viðhald og framkvæmdir við Flóaskóla

Staða framkvæmda við Flóaskóla. Körfuboltavöllur verður færður í sumar, settur á hann dúkur. Málað á lóð í sumar, nokkrar hugmyndir útfærðar og málaðar á malbikið. Komið framtíðarskipulag fyrir skólalóðina. Framkvæmdir verða í Þjósárverri og Þingborg í sumar og haust. Innrétting í kennslueldhúsi verður filmuð í sumar til samræmis við nýju innréttinguna sem sett var síðasta sumar, til að fá heildarútlit á stofuna. Hönnun viðbyggingar – farið að leita hönnunaraðila og stefnt á framkvæmdir sumarið 2026

8. Skólaakstur 2025-2026

Skólaakstur ef fyrirhugaður með svipuðu móti og á yfirstandandi skólaári nema litli bíllinn verður ekki nýttur áfram, talið er nægja að hafa 5 stóra bíla þar sem örlítill fækkun er á nemendafjölda. Bílstjórar segja leiðir ekki of langar, heldur hamli vegakerfið því að hægt sé að aka á eðlilegum hraða og því taki aksturinn langan tíma. Þeir benda á mikilvægi þess að malarvegum sé haldið vel við, sett í þá efni og þeir hefлаðir. Eins komu fram ábendingar um að mikilvægt væri að fá breikkun við afleggjara sem liggja að Þjóðvegi 1. Erfitt sé að komast inn á Þjóðveginn og það tefji oft aksturinn mikið. Skólabílstjórar óska eftir að fræðslunefnd og sveitarstjórn beiti sér fyrir þessum málum.

Fræðslunefnd tekur eindregið undir þessar ábendingar og hvetur sveitarstjórn til að beita sér fyrir breikkun Þjóðveggar við afleggjara sem og átaki í viðhaldi vega þannig að alla vegi í sveitinni verði hægt að aka a.m.k. hraðar en 20 km/klst þegar þeir eru auðir og hindrunarlausir.

Rætt var um börn frá Selfossi sem koma í Flóaskóla og akstur þeirra,

Þennan lið sátu: Axel, Bjarni, Sævar, Margrét, Halla, Catharina, Þórunn, og Íris